

Umhverfis- og samgöngunefnd
Alþingi
v.t. Bjarni Jónsson

Sent með tölvupósti
Reykjavík, 24. maí 2024

Efni: Umsögn Bændasamtaka Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um verndar- og orkunýningaráætlun, nr. 48/2011 (virkjunarkostir í vindorku), 154 löggjafarþing 2023-2024, þskj. 1339 – 900. mál

Bændasamtök Íslands fagna því að leitað sé með þessu móti skilvirkari leiða til að hleypa hreyfingu á frekari uppbyggingu raforkukerfisins sem styður við aukið raforkuöryggi í dreifðari byggðum landsins.

Mikið er í mun fyrir landsmenn alla að raforkuöryggi sé tryggt en samtökin fagna því jafnframt að smærri kostir séu fyrir hendi sem eru hentugri fyrir dreifbýli. Það eykur möguleika til hrinda smærri verkefnum af stað í orkuöflun þar sem landeigendur geti aflað sér aukinna tekna sem hefur í för með sér frekari uppbyggingu á innviðum. Bændasamtökin leggja áherslu á að tekjuöflun skili sér til nærsamfélagsins s.s. í formi tekna til sveitarfélaga.

Setja verður fyrirvara á um að vanda þarf til verka hvað varðar framkvæmdina og leggja áherslu á að taka skuli mið af þeim athugasemdum sem verða fyrir áhrifum af framkvæmdinni með beinum og óbeinum hætti.

Að lokum vilja Bændasamtökin minna á 5. gr. jarðalaga nr. 81/2004 um verndun landbúnaðarlands þar sem kveðið er á um skilyrði sem þarf að líta til og gera grein fyrir ef ráðagerðar eru breytingar sem fela í sér að land sé leyst úr landbúnaðarnotum.

Að því sögðu eru fulltrúar Bændasamtakanna reiðubúnir til frekara samráðs og samtals um þau atriði sem fram koma í umsögn þessari.

Virðingarfyllst,
f.h. Bændasamtaka Íslands

Hilmar Vilberg Gylfason, yfirlögfræðingur